

## SÓLVANGUR HJÚKRUNARHEIMILI 2016

### FUNDARGERÐ VERKFUNDAR

<b>Framkvæmdaraðili:</b>	Hafnarfjarðarbær	<b>Fundur nr. :</b>	<b>13</b>
<b>Verktaki:</b>	Munck íslandi ehf		
<b>Fundarstjóri:</b>	Arnar Smári Þorvarðarson	<b>Fundarritari:</b>	HÁ
<b>Fundarstaður:</b>	Verkstað		
<b>Pátttakendur:</b>			15.11.2017
Hreinn Sigurðsson (HS)	Munck	<a href="mailto:hreinn@munck.is">hreinn@munck.is</a>	8422116
Theodór Sólósson (TS)	Munck	<a href="mailto:teddi@munck.is">teddi@munck.is</a>	8422142
Arnar Smári Þorvarðarson (ASÞ)	Verkís	<a href="mailto:ast@verkis.is">ast@verkis.is</a>	8923935
Hilmar Ástþórsson (HÁ)	Verkís	<a href="mailto:hia@verkis.is">hia@verkis.is</a>	8460011
Gísli Ó. Valdimarsson (GÓV)	VSB	<a href="mailto:gisli@vsb.is">gisli@vsb.is</a>	6608612
<b>Dreifing:</b>	Fundarmenn		
Guðmundur Þórðarson (GP)	Munck	<a href="mailto:guðmundur@munck.is">guðmundur@munck.is</a>	8422118
Stefán Veturliðason (SV)	VSB	<a href="mailto:stefan@vsb.is">stefan@vsb.is</a>	6608606
Sigurður Haraldsson (SH)	Hfj.bær	<a href="mailto:siggih@hafnafjordur.is">siggih@hafnafjordur.is</a>	6645631
		<b>Næsti fundur:</b>	<b>15.11.2017</b>
		Miðvikudaginn 29.	<b>Frá kl. : 9:30</b>
		nóvember 2017, kl	<b>Til kl. : 12:00</b>
		9:30 á verkstað.	



Vettvangsmynd fundardag. (Búið að steypa plötu yfir kjallara,vesturenda.)



**Nr.** **FUNDARGERÐ:** **Frestur:** **Ábm.:**  
***Skáletraður texti er óbreytt bókun frá síðasta fundi.***

**1. Fundargerðir.**

Fundargerð síðasta verkfundar, nr. 12 var yfirfarin og undirrituð.  
Haldnir hafa verið 4 rýnifundir og eru gerðar um þá sér fundargerðir.

**2. Umsjón verkkaupa.**

*Umsjón verkkaupa er :*

*Verkefnisstjóri: Stefán Veturliðason (VSB)*  
*Byggingastjóri: VSB verkfræðistofa, umsj. Gísli Ó Valdimarsson*  
*Umsjónarm. eftirlits: Arnar Smári Þorvarðarson (Verkís)*  
*Eftirlit: Hilmar Ástþórsson (Verkís)*

**3. Umsjón verktaka.**

*Umsjón verkkaupa er :*

*Verkefnastjóri: Guðmundur Þórðarson*  
*Staðarstjóri: Hreinn Sigurðsson*  
*Verkstjóri: Theodór Sólonsson*  
*Jarðvinna: Björgvín Guðmundsson*  
*Tæknimaður: Bartosz Dziub*  
*Gæðastjóri: Sigurbjörn Bárðarson*

**4. Tryggingar.**

*Verktrygging – Trygging liggur fyrir og er hluti samningsgagna.*  
*Ábyrgðatryggingar - Staðfesting liggur fyrir frá tryggingafélagi að trygging sé í gildi.*  
*Verktaki hefur upplýst að ekki sé þörf á brunatryggingu a.m.k. ekki fyrr en eftir áramót.*

**5. Öryggisráðstafanir/öryggismál.**

*Verktaki hefur lagt fram Öryggishandbók (RFI #13) þann 21.07.2017*  
*Verktaki hefur sent afrit af eigin úttektum öryggismála, nr. 68, til og með 1. nóvember 2017.*  
*Vinnuslys sem varð þann 17.07.17 á verkstað er í rannsókn hjá Vinnueftirlitinu og Lögreglu. Ekki liggur fyrir skýrsla aðila.*

Í samráði við GÓV hafa viðvörunarskilti verið sett upp á verkstað. Um er að ræða „föst“ skilti sem ekki er ætlast til að séu færð. Auk annarra viðvörunarskilti sem mögulegt er að færa til, t.a.m viðvörunarskilti sem ætlast er til að verktaki setji upp á meðan að steypuvinna fer fram. Áréttað er við verktaka að hlið inn á vinnusvæði skuli ávallt vera lokuð. Það hefur nokkuð borið á misbrestum hvað þetta varðar á hliði að ofanverðu (við Sólvangsveg). Það hlið virðast starfsmenn nota mikið til að komast inn á vinnusvæði, og skilja oft við hliðið opið. Sú hugmynd rædd hvort æskilegt væri að setja upp sérstakt gönguhlið að ofanverðu. Verktaki hefur unnið að en á eftir að ljúka við að yfirfara byggingargirðingu umhverfis vinnusvæði. Umrætt atriði er í vinnslu, auk þess að bæta úr aðkomu við hlið að neðanverðu þar sem svað hefur myndast. Þá er fyrirhugað að endurskipuleggja og laga aðstöðu á járnplani sem stendur næst Sólvangsvegi, sem er orðið nokkuð óskipulagt.



Nr. **FUNDARGERÐ:** **Frestur:** **Ábm.:**  
*Skáletraður texti er óbreytt bókun frá síðasta fundi.*

**6. Undirverktakar/meistarar.**

Undirverktakar:

- *Pípulagnir: Pípulagningameistarinn ehf.*
- *Uppsláttur og uppsteypa veggja: Roko (Pólskt fyrirtæki)*
- *Blikksmíði og loftræsting: Stjórnumblíkk ehf.*
- *Raflagnir: Tengill ehf.*
- *Járnending: Járn SFM ehf*
- *Aðrir undirverktakar verða gefnir upp síðar.*

Iðnmeistarar:

- *Pípulagningameistari: Magnús Kristinsson*
- *Húsasmíðameistari: Tómas Haukur Tómasson*
- *Raflagnameistari: Haraldur Jón Arason*
- *Blikksmíðameistari: Finnbogi Geirsson*
- *Dúklagningameistari: - Liggur ekki fyrir*
- *Múrarameistari: Yngvi Eiríksson*
- *Málarameistari: - Liggur ekki fyrir*

Undirskriftir helstu meistara liggja fyrir og hefur áritunum verið komið til byggingaryfirvalda, nú um miðjan nóvember.

**7. Aðstaða verktaka.**

*Verktaki hefur lokið uppsetningu, vinnubúða, krana og hliða auk þess hefur bráðabirgðatengingum verið komið á vegna rafmagns, vatns og fráveitu.*

**8. Athafnasvæði.**

*Skilgreint vinnusvæði er innan girðingar.*

*Mikilvægt að vinnusvæði sé ávallt lokað og ekki opið fyrir umf. óviðkomandi og það á jafnframt við um hlið.*

Eins og áður var bókað verður klárað að yfirfara girðingu umhverfis vinnusvæði og yfirfara aðkomu við hliðin að neðanverðu.

Enn á eftir að framleiða og setja upp upplýsingaskilti fyrir framkvæmdina. Drög að upplýsingaskilti liggur fyrir en þetta þarf að klára að afgangi/framleiða.

Eftirlit mun ganga eftir þessu.

24.11.17 ASP

*Í framhaldi af ósk verktaka þar um mun ASP skoða hvenær verktaki geti fengið svæði norðan við heilsugæsluna til breytinga og endurgerð lóðar, sem líklegast verður ekki fyrir en á vormánuðum, mars 2018 (?).*

**9. Veitustofnanir.**

Heimæð fyrir heitt vatn og kalt vatn

Búið er að hafa samband við veitur hvað varðar heimæðar fyrir bæði heitt og kalt vatn.

Ekki liggur fyrir hvenær áætlað er að Veitur komi á verkstað og leggi heimæð fyrir heitt vatn. GÓV kannar áætlaða dagsetningu á þennan verkþátt þannig að verktaki geti undirbúið komu þeirra, m.t.t þess að hliðra til á vinnusvæði. Ef nokkuð er í að heimæð komi, verður kannað hvort mögulegt sé að fá bráðabirgðaheimæð úr plasti.

GÓV



- Nr.**      **FUNDARGERÐ:**      **Frestur:**      **Ábm.:**  
*Skáletraður texti er óbreytt bókun frá síðasta fundi.*
- Rafmagnsheimtaug  
*Rétt er að huga að því að sækja um heimtaug fyrir nýbygginguna. Það er þó ekki tímabært að fá hana inn í húshlutann, en að undirbúa ef þarf að sækja hana langt að. GÓV mun setja sig í samband við veitur hvað þetta varðar.*      GÓV
- 10. Samstarf við aðra.**  
*Verkkaupi (GÓV/ASP) mun undirbúa í samráði við stjórnendur Sólvangs, hvernig verður staðið að tengingum við byggingarhlutann og gera grein fyrir útfærslum við verktaka.*
- 11. Gæðamál.**  
*Eftirlit óskar eftir því að verktaki leggi fram gæðahandbók. Ósk um að verktaki leggi fram gæðahandbók ítrekuð. 24.11.17      HS*  
*Kynning vegna „ProCore“ hefur ekki verið tímasett. HS boðar til kynningar.*
- 12. Vinnutími.**  
*Daglegur vinnutími á virkum dögum er frá 07:00 til 17:30 en á laugardögum frá 07:00 til 14:00. Einnig er unnið tilfallandi lengur.*
- 13. Mannafli og tæki.**  
Tæki á verkstað frá síðasta verkfundi:  
1 Skotbómulyftari  
0 Smágröfur (eftir þörfum)  
0-1 Hjólagrafa  
0 Vörubifreiðar  
0-1 Vörubíll með krana  
1 Loftpressa (eftir þörfum)  
2 Byggingakranar ( Liebherr 81K og 53K )  
1 Járnklippur og beygjúvél  
1 Tækja/geymslugámur  
2 Jarðvegsþjöppur (750kg og 350 kg)  
4 Masterblásara  
Mannafli á verkstað frá síðasta verkfundi:  
1 Staðarstjóri  
1 Verkstjóri  
1 Tæknimaður  
0-1 Mælingamaður  
0 Smiðir  
0 Jarðvinnu  
2-4 Rafvirkjar  
0-3 Pípari  
4 - 5 Járnmenn  
12-14 Mótauppsláttur og steypa (Roko) – þar af einn tæknimaður  
**Alls 21-30 manns**



Nr. **FUNDARGERÐ:** Frestur: Ábm.:  
*Skáletraður texti er óbreytt bókun frá síðasta fundi.*

**14. Dagskýrslur.**

Verktaki leggur fram dagskýrslur vikulega og er síðasta dagskýrsla sem borist hefur eftirliti frá 11.11.17. Ganga þarf úr skugga um að dagskýrslur haldi áfram að berast reglulega frá verktaka, líkt og gangurinn hefur verið undanfarið.

HS

**15. Veðurfar.**

Veturinn „kom“ síðastliðinn fimmtudag (10.11.17) með snjókomu, ca. 10cm og tilheyrandi kulda. Hitastig hefur verið í kringum núllið +3 og niður í -3 og hefur úrkoma verið él.

Á dagskýrsluformi verktaka eru sjálfvirkir keyrðar út veðurupplýsingar fyrir hvern dag fyrir sig. Það væri áhugavert að fá að vita hvernig og hvaðan þessar veðurupplýsingar eru fengnar, verktaki ætlar að skoða það frekar og upplýsa.


HS

**16. Verkstaða – áætlanir, næstu verk.**

**Verkstaða:**

Aðstaða:

Aðstöðusköpun er að mestu lokið, búið er að framleiða og setja upp viðeigandi viðvörunarskilti. Enn á eftir að ljúka við að hanna og framleiða upplýsingaskilti, sem verktaki setur upp við framkvæmdasvæði í framhaldinu.



Jarðvinna

Búið er að fylla undir grunnplötu í kjallara og grunnplötu 1. hæðar. Fylling að undirstöðum að austanverðu lokið ca. 75%, að norðanverðu er lokið ca. 50%, vestanverðu ca. 50%, sunnanverðu ca. 30%. Lokið er við lagnaskurði austan við stiga húsa, milli húsa.

Burðarvirki

Búið er að steypa þrifalög og nánast allar undirstöður (eftir pl.u. stálstiga). Búið er að steypa að fullu niðurgrafinn tengigang. Búið er að steypa grunnplötu kjallara og 1. hæðar. Búið er að steypa veggkjallara og ca. 50% veggja 1. hæðar. Búið er að steypa ca. 95% plötu yfir kjallara (svalir í vesturenda eru eftir). Búið er að slá undir plötu ca. 50% yfir 1. Hæð og steypa ca. 25% af henni Búið er að slá upp ca. 10% af veggjum 2.hæðar

Lagnir

Búið er að leggja lagnir undir grunnplötu kjallara og grunnplötu 1. hæðar. Búið er að leggja regnvatnslagnir sunnan við húsa, austan við stigahúsa.

Raflagnir

Röralagnir í steypu vinnast samhliða steypu. Búið er að leggja hringjörð jarðskauts. (eftir að mæla það)



- Nr.**      **FUNDARGERÐ:**      **Frestur:**      **Ábm.:**  
***Skáletraður texti er óbreytt bókun frá síðasta fundi.***
- Næstu verk:** (2 vikur, eða að næsta verkfundi)  
Aðstaða  
Aðstöðusköpun er að mestu lokið. Það sem helst stendur út af er uppsetning upplýsingaskiltis sem stefnt verður á að klára fyrir næsta verkfund.  
Jarðvinna  
Ekkert bókað.  
Burðarvirki  
Vinna að uppslætti, járnabindingum og uppsteypu þ.e. ;  
Austurhluti: plötu yfir 1.hæð og vegg 2.hæðar  
Vesturhluti: Hefja uppslátt veggja 1. hæðar.  
Lagnir  
Ekkert bókað.  
Raflagnir  
Vinnast samhliða uppslætti/steypu.
- 17. Verkáætlun.**  
*Eftirlit hefur óskaði eftir uppfærðri verkáætlun.*  
*Verktaki lagði fram þann 19. september uppfærða áætlun uppsteypu.*  
*Verktaki vekur athygli á að uppsteypuáætlunin er mjög stíf/knöpp og lítið má bregða útaf. Verktaki gerði þá grein fyrir að uppsteypa væri um 6 vikum á eftir heildarverkáætlun samning. Náist að vinna eftir uppsteypuáætlun muni verkið verða 3 vikum á eftir heildaráætlun samnings.*  
*Verktaki vinnu jafnframt að endurskoðun heildarverkáætlunar.*  
Endurskoðuð heildarverkáætlun hefur ekki borist frá verktaka líkt og bókað var í síðustu verkfundargerð. Óskað eftir því að hún berist á næstu tveimur vikum, fyrir næsta verkfund.      29.11.17      HS  
Verktaki telur stöðu uppsteypu vera a.m.k um 4 vikum á eftir þeirri uppsteypuáætlun sem verktaki sendi frá sér 19. september.
- Hafist var handa við uppsetningu nýs krana þann 17.okt og fékkst ekki úttekt á honum fyrr en 30.okt.
- 18. Hönnun (breytingar).**  
*Stimplað teikningasett arkitekta er gallað. Letur inniheldur □ í stað hluta tölustafa. Tölvutæk útgáfa af teikningasetti hefur þó ekki þennan galla. Þessu hefur verið komið til skila og mun arkitekt gefa út nýtt sett af teikningum. Óafgreitt.*      24.11.17      ASP  
*Til stendur að breyta sorpgerði í „djúpgáma“, hönnun ólokið.*      24.11.17      ASP
- Óskað verður eftir rýnifundi með arkitekt og burðarþolshönnuðum hvað varðar útfærslu tengigangs.
- 19. Teikningar og önnur gögn.**  
Gefnar hafa verið út 83+72+29+13+1 = 198 breyttar útgáfur teikninga. (arkit.+burð.+lagn.+rafl.+lóð), auk þess sem 8 nýjar útgáfur teikninga hafa verið gefnar út.



Nr. **FUNDARGERÐ:** **Frestur:** **Ábm.:**  
***Skáletraður texti er óbreytt bókun frá síðasta fundi.***

Skoða þarf stöðu innlagnar breyttra teikninga til byggingafulltrúa.

GÓV

#### Arkitekt

- *Teikningar vegna breytinga við léttan útvegg núverandi lágbyggingar eru væntanlegar, þ.e. arkitektateikningar af frágangi, en burðarvirki er komið. Afgangur.*
- *Svalahandrið á svalir 1. hæð, deili vantar. Lausn er óskýr og þarfnast samræmingar arkitekts og burðarþols. Óafgreitt.*
- *Verktaki vekur athygli á að í verklýsingum vanti ýmis litarnúmer, gera þurfi litaskrá. Óafgreitt.*

#### Lagnir

- *Þak- og svalaniðurfallsrör og svalaniðurföll eru óskilgreind í verkögnum, engar verklýsingar né magnliðir í tilboðsskrá. Búið er að leysa staðsetningu niðurfalla á teikningum og tilgreina dæmi um útfærslu. Hönnuður þarf að tilgreina halla/hæðir á svalaniðurföllum.*
- *Regnvatnslagnir í grunnni, hönnuðir þurfa að samræma sín á milli og ganga úr skugga um að enga tengingu þakniðurfalla skorti við regnvatnslagnir í jörðu. Svalaniðurföll koma til með að tengjast inn á þakniðurfallsrör. Óafgreitt.*
- *Uppfærðar/breyttar teikningar vegna handlauga í kjallara í tengslum við skipulagbreytingar vantar. Óafgreitt.*

#### Raflagnir

- *Stjórnpanelar/kallhnappar fyrir lyftur, eru engin úrtök í steypu eða lagnaleiðir fyrir þá. Ekkert teiknað, en þeir eru sýndir á grunnmynd arkitekts, milli hurða lyfta. (skoða) Óafgreitt.*

Ennfremur eru atriði í rýnifundargerðum sem þarfnast úrlausna.

#### **20. Efnisútvegg / efnisvottorð.**

*Verktaki vakti athygli á líklega væri villa í töflu í kafla 2.3.0.4 – skýringar á magntölum, en umrædd tafla útskýrir hlutfall þyngdar m.v. þvermál járna. Atriði er óafgreitt.*

*Verktaki hefur lagt fram upplýsingar/gögn vegna steypu og bendistáls til samþykktar.*

*Verktaki hefur lagt fram upplýsingar um; lagnaefni í grunn, steinullareinangrun á undirstöður og undir grunnplötu og járnabakka.*

*Verktaki hefur fengið verkfræðistofuna Eflu til að framkvæma rannsóknir á fyllingaeftum (0-100mm) og hefur lagt fram upplýsingar.*

*Kallað er eftir frekari upplýsingum til samþykpta vegna verkþátta sem eru í gangi og framundan eru.*

*Vantar varðandi fráveitulagnir, raflagnaefni, svalaniðurföll.*

HS

#### **21. Viðbótarsamningsverk.**

*Ekkert nýtt tekið fyrir.*

#### **22. Aukaverk.**

*Verktaki hefur enn ekki gert grein fyrir boðuðum viðbótarkostnaði sbr. fyrri fundargerðir og orðsendingar. Verktaki er hvattur til að gera grein fyrir sínum kröfum til að hægt sé að taka afstöðu til þeirra tímalega.*



Nr.

**FUNDARGERÐ:**

Frestur:

Ábm.:

**Skáletraður texti er óbreytt bókun frá síðasta fundi.**

*Búið er að rífa skyggni yfir núverandi inngang í kjallara. Verktaki hafði verið er beðinn um að gefa tilboð (fast verð) í aukaverkið áður en vinna við ríf átti sér stað. Tilboð verktaka í ríf liggur þó ekki fyrir.*

*Krafa nr. 1 hefur verið skilgreind af verktaka og gerð grein fyrir með orðsendingu.*

*Verktaki hefur lagt fram orðsendingu með tímagjöldum starfsmanna.*

Haldinn var fundur 8. nóv. þar sem ýmis mál er varða aukaverk og kröfur voru rædd og var gerð sér fundargerð vegna þess.

Verktaki hefur vakið athygli á eftirfarandi aukaverkum:

- Takkadúkur utan á einangrun er ekki skilgreindur verkliður. Eftirlit óskar eftir einingaverði verkþáttinn. HS
- Breytingar og uppsteypa trappna í núverandi byggingu er ekki skilgreindur verkþáttur.
- Verklýsing fyllingar undir tengibyggingu við Sólvang. Sjá á teikningu vísað til punktálags. Eftirlit upplýsir að miða skuli við lýsingu á fyllingu innan grunns. Eftirlit mun skoða þetta frekar. ASP
- Breytingar, rof og endurgerð í núverandi byggingum vegna tengibyggingar, er ekkert gerð grein fyrir í gögnum og engir skilgreindir verkþættir vegna þessa.
- Verktaki vekur athygli á þeirri vinnu sem hefur farið í rjúfa járnbandingu á svalaplötu og gröft fyrir svalaniðurfallsrörum, svalir 1.h. austur.

**23. Magntölur.**

*Verktaki vekur athygli á að magn fyllinga í og utan grunns er nokkuð meira en magnskrá gerir grein fyrir. Verktaki mun leggja fram útreikninga/mælingar þess til uppgjör verkþáttar. Verktaki hefur skilað inn bráðabirgða útreikningum fyrir fyllingar, en á eftir að skila inn nákvæmari útreikningum.*

HS

*Verktaki telur einangrun undir grunnplötu vera meiri en magnskrá gerir grein fyrir. Útreikningar liggja ekki fyrir – Óafgreitt.*

HS

*Einnig eru einhverjir verkþættir sem eru óskilgreindir og vantar, t.d. þakniðurfallsrör, svalaniðurfallsrör og svalaniðurföll. Eftirlit mun afla skilgreiningar/verklýsinga frá hönnuðum og kalla eftir verðsetningu á grundvelli samnings.*

ASP

*Verktaki vekur athygli á að steypa í stiga er vanáætluð.*

**24. Rannsóknir.**

*Verktaki fékk verkfræðistofuna Mannvit til að framkvæma plötupróf fyllingar/púða undir þann byggingakrana sem verið er að reisa miðsvæðis. Verktaki hefur sent niðurstöðuskýrslu sem Mannvit sendi frá sér í kjölfar plötuprófsins.*

**25. Mælingar.**

*Innmæling var framkvæmd á frárennislögn sem liggur með húsinu og var til staðar þegar framkvæmdir hófust og reyndust þær ekki hafa hreyfst.*





- Nr.**      **FUNDARGERÐ:**      **Frestur:**      **Ábm.:**  
*Skáletraður texti er óbreytt bókun frá síðasta fundi.*
- Eftir er að mæla hluta hennar, vestast á lóð, en gæta verður að það gleymist ekki. GÓV mun kanna hvað er búið að mæla og hvað sé eftir.      GÓV
- 26.      Bréf/orðsendingar.**  
*Verktaki hefur lagt fram orðsendingar til og með nr. 23*  
*Eftirlit hefur lagt fram orðsendingar til með nr. 11*  
Uppfært yfirlit verktaka yfir orðsendingar og stöðu afgreiðslu þeirra er fylgiskjal fundargerðar.  
Eftirlit þarf að afgreiða útistandandi atriði orðsendinga verktaka.      ASP
- 27.      Reikningar.**  
Fyrir liggur framvindureikningur nr. 5 og var hann gefinn út í dag.  
Verktaki hefur einnig lagt fram reikninga vegna aukaverka sem fundað hefur verið um.
- 28.      Kröfur.**  
*Verktaki hefur í orðsendingum áskilið sér rétt og gert kröfu um tafadaga og um greiðslu kostnaðar vegna tafa s.br. orðsendingu.*  
Verktaki hefur gert grein fyrir kröfum með orðsendingu nr. 16 og 21/23. Fundur hefur verið haldinn vegna þessa og er afgreiðsla þessara mála í vinnslu.
- 29.      Tafabætur.**  
*Ekki tekið fyrir.*
- 30.      Rif gamalla mannvirkja.**  
*Verkþætti vantar í samningsgögn vegna rifa og sögunar við tengibyggingar.*  
*Það á einnig við um hluta lóðar þar sem ætlunin er að breyta henni milli nýbyggingar og lágbyggingar heilsugæslu.*
- 31.      Úttektir, byggingafulltrúi.**  
*Úttektir byggingafulltrúa og byggingastjóra eru í samræmi við hefðbundið ferli. Sama gildir um úttektir eftirlits.*  
Byggingastjóri hefur fengið leyfi byggingafulltrúa til eigin úttekta járnbandingar veggja og hefur formleg staðfesting þess eðlis borist. Sú staðfesting verður sent áfram til eftirlits.
- 32.      Verklok.**  
*Ekki tekið fyrir.*
- 33.      Samningslok.**  
*Ekki tekið fyrir.*
- 34.      Önnur mál.**  
Tengigangur að hábyggingu  
*Teikning B-SD-03B , deili B4; málsetning á vatnsbretti vantar.*  
Boðað verður til rýnifundar með hönnuðum þar sem farið verður yfir tengigang við hábyggingu.      ASP



Nr. **FUNDARGERÐ:** Frestur: Ábm.:  
***Skáletraður texti er óbreytt bókun frá síðasta fundi.***

Takkadúkur:

*Enginn verkliður er fyrir takkadúk í verklýsingu en takkadúkur er sýndur á teikningu. Vill verkkaupi/hönnuður að notaður verði takkadúkur? Skoða þarf hvar takkadúkur er staðsettur í sniði (efnisnotkun á takkadúk skv. sniði er ekki rétt). Þarfnast skoðunar. Gefnar hafa verið út nýjar teikningar sem gera grein fyrir þessu. Óskað er eftir einingaverði í þennan verkþátt.*

24.11.17 HS

Útfærsla járnendingar súlna við bita/vegg, útkragandi byggingarhluti

*Súlur undir útkragandi byggingarhluta, snið og frekari upplýsingar vantar sem sýnir tengingu frágang lóðréttra járna súlna sem tengjast upp í bita/vegg húshlutans. Þessi atriði hafa verið til umræðu milli eftirlits, hönnuða og verktaka og fyrir liggja skissur frá burðarþolshönnuðum. Teikningar liggja ekki fyrir, eftirlit mun fylgja því eftir.*

Vetrarsteypa og aðhlúun

Nú þegar kólnað hefur í veðri þarf að huga að því að uppsteypa og aðhlúun hennar taki mið af veðráttu og hitastigi. Verktaki er með ýmsan búnað til að mæta þessu. Verktaki hefur haft þann hátt að hann hefur lagt vetrarmottur, þunna plasteinangrun yfir nýsteyptar plötur og þegar þörf er á, kynt undir þeim. Hvað varðar nýsteypta veggj hyggst verktaki breiða segl yfir og kynda upp þegar þörf er á.

Eftirlit óskar eftir að verktaki leggi línur í hvernig þessu verði háttáð, með tilliti til hvað er steypt og við hvaða hitaskilyrði. Verktaki kallaði eftir því að hönnuðir skilgreindu þetta. Vísað er til samningsgagna hvað það varðar.

Samþykkt fyrir hönd verktaka:

Samþykkt fyrir hönd verkkaupa:

---

---